


ROLEX
 OYSTER PERPETUAL
 YACHT-MASTER 40




MICHELSEN
 ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
 511 1900 - www.michelsen.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 1. febrúar 2017

4. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

Konur í stjórnun fjölga ekki

9%

Konur voru níu prósent af framkvæmdastjórn stæstu fyrirtækja landsins í fyrra. Um þrettán prósent stjórnarformanna sömu félaga voru af kvenkyni.



2 Bjarni Ármannsson kaupir í skórisa

Sjávarvörn, fjárfestingarfélag Bjarna Ármannssonar, keypti 26 prósent hlut í heildversluninni S4S af Ingunni Gyðu Wernersdóttur.

4 Keahótel til sölu

Eigendur Keahótelna, sem reka meðal annars Hótel Borg og Apótek Hótel, hafa ákveðið að selja hótelkeðjuna. Félagið rekur samtals átta hótél.

12 Blönduð einkavæðing

„Greiða skuldir ríkissjóðs niður að allt að því fullu, og nota þann vaxtakostnað sem sparast til að styrkja grunnstöðirnar. Það telst varla mikil hægrímennska.“

Sjónmælingar eru okkar fag

Tímamantanir í síma:

Optical Studio í Smáralind, 5288500
 Optical Studio í Keflavík, 4213811
 Optical Studio í Leifstöð, 4250500



Optical Studio
 SMÁRALIND • LEIFSTÖÐ • KEFLAVÍK



Málmbæðslan GMR var í gær úrskurðuð gjaldþrota

Fyrirtækið GMR Endurvinnslan ehf. á Grundartanga var tekið til gjaldþrotaskipta í Héraðsdómi Vesturlands í gær. Um 17 starfsmönnum fyrirtækisins hafði þá verið sagt upp störfum en það endurvann stál sem fellur til hér á landi.

Daði Jóhannesson, framkvæmdastjóri GMR, vildi ekki tjá sig um málið þegar blaðamaður náði tali af honum og vísaði á skiptastjóra fyrirtækisins. Fréttablaðið ræddi við Daða síðastliðinn fimmtudag og kom þá fram að óvissa ríkti enn um reksturinn. Verksmiðja GMR var þá ekki lengur rafmagnslaus en RARIK hafði nokkrum vikum áður lokað á fyrirtækið vegna vangoldinna reikninga. Umhverfisstofnun hafði ítrekað gert athugasemdir við starfsemi málmendurvinnslunnar og skráð á yfir þriðja tug frávika frá starfsleyfi. Fyrirtækið sætti auknu eftirliti vegna ítrekaðra vanefnda við að koma mengunarförnum í viðunandi horf.

Framkvæmdastjórinn sagði eigendur fyrirtækisins í leit að nýjum fjárfestum, bæði hér heima og erlendis, en vildi ekki svara því hversu mikil fjárförfin væri. Daginn eftir að fréttin birtist var síðan öllu starfsfólki fyrirtækisins sagt upp störfum.

„Þetta fyrirtæki var stofnað fyrir fjórum árum og það er búinn að vera erfiður og langur uppbyggingsfasir. Erfiðari og lengri en menn ætluðu sér og það er margt sem spilar þar inn í. Heimsmarkaðsverð á stáli er þar langstærsti þátturinn,“ sagði Daði í samtali við Fréttablaðið. – hg



GMR hóf framleiðslu á Grundartanga árið 2013. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 512 5000 | Fax 512 5301

Ritstjóri Höður Egiðsson hordur@frettabladid.is

Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Vefang visir.is

Bjarni Ármannsson keypti sig inn í skórisann S4S

Sjávarsýn, fjárfestingarfélag Bjarna Ármannssonar, keypti 26 prósent hlut í heildversluninni S4S af Ingunni Gyðu Wernersdóttur. Rekur skóverslanirnar Steinar Waage, Ecco, Skór.is, Kaupfélagið, Toppskórin og Air.is í Smáralind.

Fjárfestingarfélagið Sjávarsýn í eigu Bjarna Ármannssonar, fjárfestis og fyrrverandi forstjóra Glitnis, keypti í október 26 prósent hlut í heildversluninni S4S ehf. sem rekur skóverslanir á höfuðborgarsvæðinu. Eignarhluturinn var áður í eigu Ingunnar Gyðu Wernersdóttur fjárfestis en S4S á Steinar Waage, Ecco, Kaupfélagið, Skór.is, Toppskórin og íþróttavörverslunina Air.is í Smáralind.

Bjarni settist í stjórn heildverslunarinnar í byrjun nóvember og tók þá sæti Bjarna Hafþórs Helgasonar, fyrrverandi fjárfestingarstjóra KEA og eiginmanns Ingunnar. Helga Sverrisdóttir, eiginkona Bjarna, fór á sama tíma inn í varastjórn félagsins í stað Ingunnar.

Pétur Þór Halldórsson, stærsti eigandi S4S, á 50 prósent hlut í félaginu samkvæmt nýjasta ársreikningi þess. Aðrir hluthafar eru Hermann Helgason, framkvæmdastjóri fyrir-



Bjarni Ármannsson fjárfestir á nú fjórðungshlut í S4S sem á Skechers í Kringlunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



tækisins, og Georg Kristjánsson en þeir eiga sín tólf prósentin hvor. S4S var rekið með 111 milljónum króna hagnaði árið 2015 en eignir þess námu þá 735 milljónum króna. Eigið fé félagsins var jákvætt um 342 milljónir og eiginfjárlutfallið var 47 prósent.

Sjávarsýn á meðal annars úti- vistarvörverslunina Ellingsen, fyrirtækið Ísmar í Síðumúla og 11,5 prósent hlut í oliuþjónustufyrirtækinu Fáfni Offshore. Í byrjun desember í fyrra samþykktu Seðlabanki Íslands og samkeppnisyfirkvöld á Spáni kaup Solo Seafood, í eigu Sjávarsýnar og þriggja íslenskra útgerðarfyrirtækja, á Icelandic Iberica, fyrrverandi dótturfélagi Icelandic Group á Spáni. Sjávarsýn átti í árslok 2015 eignir upp á 3,3 milljarða króna miðað við nýjasta ársreikning fjárfestingarfélagsins. Ekki náðist í Bjarna Ármannsson við vinnslu fréttarinnar. haraldur@frettabladid.is

Aðeins keypt gjaldeyri fyrir 5 milljarða

Gjaldeyriskaup Seðlabanka Íslands á fyrstu fjórum vikum nýs árs nema aðeins um fimm milljörðum króna. Það er um níttján prósent af heildarveltu á gjaldeyrismarkaði. Til samanburðar keypti Seðlabankinn hins vegar gjaldeyri fyrir um átján milljarða í desember og var hlutur

bankans þá í veltunni um 45 prósent.

Á sama tíma og bankinn hefur haldið aftur af sér í gjaldeyriskaupum samhliða minna innflæði gjaldeyris á markað, sem stafar meðal annars af verkfalli sjómanna, þá hefur gengi krónunnar lækkað um

fimm prósent gagnvart evru það sem af er ári. Seðlabanki Íslands keypti erlendan gjaldeyri fyrir samtals 386 milljarða króna 2016 og jukust kaup bankans um 42% á milli ára. Þrátt fyrir þessi miklu gjaldeyrisinngrip hækkaði gengi krónunnar um 18,4 prósent á síðasta ári. – hae

MUNDU EFTIR GÖMLU GÓÐU
AFMÆLISKRINGLUNNI
- fyrir 25-30 manns

BJÖRNSBAKARI
Sími: 561 1433

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35
Fálkagata 18 • Dalbraut 1

www.bjornsbakari.is



GLÆSILEGT FRAMBOÐ NÁMSKEIÐA MEÐ ERLENDUM SÉRFRÆÐINGUM



STRENGTH BASED LEADERSHIP DEVELOPMENT

Kennsla: Lisa Vivoll Straume, PhD in Positive Psychology, Rune Sagør, CEO of MIND: and Karina Andersen Aas, executive coach at MIND:

**Fim. 16. feb. kl. 13:00–16:30 og
fös. 17. feb. kl. 8:30–12:00**
Snemmskráning til og með 2. febrúar



PSYCHOLOGICAL INTERVENTIONS WITH PSYCHOTIC DISORDERS

Kennsla: Gillian Haddock, Professor of Clinical Psychology at the University of Manchester

Fös. 17. og lau. 18. feb. kl. 9:00–16:00
Snemmskráning til og með 7. febrúar



FIRE SAFETY IN BUILDINGS

Kennsla: Harald Landrø, professor of Fire Safety in Buildings at NTNU, Norway

Fim. 9. mars kl. 9:00–17:00
Snemmskráning til og með 9. febrúar



BUILDING MOBILE APPS WITH XAMARIN

Kennsla: Lander Verhack, a software expert, trainer and strategist at U2U

Mán. 20. til mið. 22. mars kl. 9:15–16:45
Snemmskráning til og með 20. febrúar



THE FIVE KEYS TO SUCCESSFUL TEST AUTOMATION

Kennsla: Hans Buwalda, CTO at LogiGear Corporation

Fös. 31. mars kl. 9:00–17:00
Snemmskráning til og með 3. mars



ANGULAR 2

Kennsla: Nicholas Johnson, professional JavaScript developer and trainer

Mán. 3. til fim. 6. apríl kl. 9:00–16:30
Snemmskráning til og með 6. mars



SEARCH INSIDE YOURSELF ONE-DAY PROGRAM CREATED AT GOOGLE

Kennsla: Brandon Rennels, Teacher Development Manager at SIYLI

Pri. 4. apr. kl. 9:00–17:00
Snemmskráning til og með 7. mars



PERSONALITY DISORDERS - NARCISSISTIC PERSONALITY TRAITS

Kennsla: Sarah Rakovshik, Consultant Cognitive Behaviour Psychotherapist

Fös. 21. og lau. 22. apr. kl. 9:00–16:00
Snemmskráning til og með 11. apríl



LEADING OTHERS

Kennsla: Margaret Andrews, managing director of Mind and Hand Associates and instructor at Harvard Extension School

Fim. 2. maí kl. 9:00–16:30
Snemmskráning til og með 4. apríl



MANAGING DIFFICULT CONVERSATIONS

Kennsla: Margaret Andrews, managing director of Mind and Hand Associates and instructor at Harvard Extension School

Mið. 3. maí kl. 13:00–17:00
Snemmskráning til og með 4. apríl



DIMENSIONAL MODELING: KIMBALL FUNDAMENTALS & ADVANCED TECHNIQUES

Kennsla: Margy Ross, President of DecisionWorks Consulting and co-author of *The Data Warehouse Toolkit*

Fim. 11. og fös. 12. maí kl. 9:00–7:00
Snemmskráning til og með 30. mars

Ein stærsta hótélkeðja landsins til sölu

Eigendur Keahótela, sem reka meðal annars Hótel Borg og Apótek Hótel, hafa ákveðið að selja hótélkeðjuna. Félagið starfrækir samtals átta hótél á landinu og heildarvirði þess gæti verið um 6 milljarðar. Á meðal þeirra sem áforma að selja er framtakssjóðurinn Horn II sem á 60 prósent hlut sem hann keypti vorið 2014. Framkvæmdastjóri Horns segir erlenda aðila hafa sýnt Keahótelum áhuga.

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Hluthafar eignarhaldsfélagsins Keahótela, sem rekur samtals átta hótél víðsvegar um landið, meðal annars Hótel Borg og Apótek Hótel í Reykjavík, hafa sett félagið í söluferli. Á meðal þeirra sem áforma að selja hlut sinn í hótélkeðjunni er Horn II, framtakssjóður í rekstri Landsbréfa, en aðeins eru tæplega þrjú ár liðin síðan sjóðurinn festi kaup á 60 prósent hlut í Keahótelum. Það er fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka sem er ráðgjafi seljenda við söluferlið en það hófst um miðjan síðasta mánuð.

Hermann Már Þórisson, forstöðumaður sérhæfðra fjárfestinga hjá Landsbréfum og annar framkvæmdastjóra Horns II, staðfestir í samtali við Markaðinn að framtakssjóðurinn, ásamt meðfjárfestum í Keahótelum, ætli að selja allt hlutfé hótélkeðjunnar. Hann segir að sú ákvörðun að selja á þessum tímamarki hafi verið tekin í ljósi áhuga sem ýmsir innlendir og erlendir fjárfestar hafi sýnt á Keahótelum að undanförunu. Ekki er hægt að segja nákvæmlega fyrir um hversu langan tíma söluferlið muni taka en stefnt er að því að ljúka sölu á félaginu á þessu ári.

Rekstur Keahótela hefur gengið afar vel á undanförunum árum. Hagnaður félagsins á árinu 2015 nam 263 milljónum króna og næstum tvöfaldaðist frá fyrra ári. Þá var velta hótélkeðjunnar tæplega 1,7 milljarðar króna og jókst um liðlega 500 milljónir króna frá árinu 2014. EBITDA-hagnaður félagsins – afkoma fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir – var um 372 milljónir á árinu 2015, að því er fram kemur í síðasta birta ársreikningi, og hækkaði um meira en 200 milljónir á milli ára. Eignir



Hótel Borg er eitt af átta hótélum sem Keahótel reka. Samtals eru hótélín fimm talsins í Reykjavík og þrjú á Norðurlandi, meðal annars Hótel Kea og Hótel Norðurland.

FRETTLADID/GVA

1.000

milljónir er áætlaður EBITDA-hagnaður Keahótela á árinu 2016.



Hermann Már Þórisson, annar framkvæmdastjóra Horns II

Keahótela nema samtals 701 milljón króna og bókfært eigið fé félagsins var um 273 milljónir í árslok 2015.

Fimm hótél í Reykjavík

Ekki er búið að ganga frá ársreikningi fyrir síðasta rekstrarár en samkvæmt upplýsingum Markaðarins jókst EBITDA-hagnaður Keahótela umtalsvert á árinu 2016 og var samtals um einn milljarður. Sú aukning stafar einkum af því að hótélherbergjum sem heyrna undir rekstur samstæðunnar fjölgaði mikið á tímabilinu vegna opunar tveggja nýrra hótela í árslok 2015. Að sögn þeirra sem hafa setið fjárfestingakynningu á félaginu þá má gróflega áætla að heildarvirði þess gæti verið um sex milljarðar.

Auk framtakssjóðsins Horns II eru aðrir hluthafar Keahótela Tröllahvönn ehf., sem á 32 prósent hlut í hótelfélaginu, og Páll L. Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Keahótela, en hann á átta prósent hlut í gegnum félagið Selen ehf. Þeir hluthafar hafa einnig ákveðið að selja bréf sín í félaginu. Eigendur Tröllahvannar eru Andri Gunnarsson, Kristján M. Grétarsson, Fannar Ólafsson og Þórður Hermann Kolbeinsson. Þeir fjórmennningar standa jafnframt að baki félaginu Hvanna ehf. sem seldi 60 prósent hlut í Keahótelum til Horns II framtakssjóðs í maí 2014.

Hluthafar í sjóðnum Horn II, sem var komið á fót í apríl 2013, eru 30 talsins og samanstanda af lífeyris-

sjóðum, fjármálafrirtækjum og fagfjárfestum. Líftími sjóðsins er áætlaður fyrir árslok 2018 en auk þess að hafa fjárfest í Keahótelum hefur Horn II keypt eignarhluti í Bláa lóninu, Fáfní Offshore og Invent Farma. Horn II seldi sumarið 2016 hlut sinn í lyfjafyrirtækinu Invent Farma.

Keahótel reka sem fyrr segir átta hótél, fimm í Reykjavík og þrjú á Norðurlandi, en síðustu tvö ár hefur félagið opnað tvö ný hótél í Reykjavík – hótélín Skugga og Storm. Önnur hótél sem félagið starfrækir eru Reykjavík Lights, Apótek og Borg sem er að finna í Reykjavík. Á Akureyri eru hótélín tvö – Hótel Norðurland og Hótel Kea – auk þess sem Keahótel reka hótelið Gíg í Mývatnssveit.

Vara við ofhitnun á húsnæðismarkaði

Ekkert lát verður á miklum verðhækkunum á húsnæðismarkaði á næstu árum samkvæmt nýrri spá greiningardeildar Arion banka en hún gerir ráð fyrir 14 prósent hækkun íbúðaverðs á þessu ári, 9,7 prósent 2018 og 7,5 prósent árið 2019. Það er því útlit fyrir að íbúðamarkaðurinn hitni enn meira gangi spá bankans eftir en nú þegar glittir í gul ljós á sumum svæðum, meðal annars miðsvæðis í Reykjavík, þar sem verð hefur hækkað sérlega mikið að undanförunu.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu greiningardeildar Arion banka um íbúðamarkaðinn sem var kynnt á fundi bankans í gær. Í niðurstöðum skýrslunnar segir að miðað við spána séu líkur á því að húsnæðisverð hækki talsvert umfram flestar undirliggjandi hagstærðir á borð við kaupmátt og ráðstöfunartekjur. „Til lengri tíma er því ástæða til að vara við ofhitnun á markaðnum.“

Húsnæðisverð hefur hækkað sífellt hraðar síðustu mánuði og nam árshækkunin á höfuðborgarsvæðinu í desember 15%. Í skýrslunni er bent á að önnur svæði hafi tekið við sér og þannig hefur húsnæðisverð utan höfuðborgarsvæðisins hækkað um 20 prósent síðustu tólf mánuði. Sú hækkun er að mestu leyti drifin áfram af mikilli hækkun húsnæðisverðs í nágrennasveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins.

Hagstætt efnahagsástand, fjólföldun, kaupmáttaraukning og gott aðgengi að fjármögnun eru á meðal



Byggja þarf að lágmarki átta þúsund íbúðir á næstu þremur árum til að halda í við fjólföldun. FRETTLADID/VILHELM

14%

er spá greiningardeildar Arion banka um hækkun á húsnæðisverði á árinu 2017

helstu ástæðna þess að húsnæðisverð hefur hækkað mikið upp á síðkastið – og mun líklega gera áfram. Verðhækkunin skýrist einnig af því að of lítið hefur verið byggt síðustu ár og áætlanir hafa ekki staðist. Í skýrslu greiningardeildarinnar segir að byggja þurfi að lágmarki átta þúsund íbúðir á næstu þremur árum til að halda í við fjólföldun og er þá ekki tekið fyllilega tillit til uppsafnaðrar þarfar. Samkvæmt spá bankans er ólíklegt að sá fjöldi náist. hordur@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ

HAFÐU ÞAÐ NOTALEGT Í FRÉTTABLAÐINU

Um 55% íbúa á höfuðborgarsvæðinu lesa Fréttablaðið daglega.*
Rúmlega 85.000 manns á höfuðborgarsvæðinu lesa Fréttablaðið daglega.*



Það er hvergi betri staður fyrir fjólpóst en inni í Fréttablaðinu því það tryggir að auglýsingaefnið lendir á eldhúsbordinu þegar blaðið er opnað.

Kannaðu dreifileiðir í síma 5125448 eða í tölvupóstfangi orn@365.is

Heimild: *Skv. Blaðakönnun Gallup, okt.-des. 2016.



NJÓTTU LÍFSINS AF ÖRYGGI

Njóttu af öryggi stórbrotins landslags á leið í bústaðinn eða á skíðin. Fjór hjóladrifinn Volvo XC60 lætur ekki snjó og ís stöðva sig. Hann býður einstakt öryggi, gott farangursrými, fellanlegt, skipt sætisbak, 23 cm veghæð, háa sætisstöðu og margverðlaunuð sæti, mestu mögulegu þægindi.

LEÐURÁKLÆÐI
RAFDRIFIÐ ÖKUMANNSSÆTI MEÐ MINNI
LEIÐSÖGUKERFI MEÐ ÍSLANDSKORTI
BAKKMYNDAVÉL
VÉLARHITARI M. TÍMASTILLI (HEITUR Á MORGNANA)
VERÐ FRÁ 8.385.000 KR

KOMDU Í BRIMBORG OG REYNSLUAKTU
VOLVO XC60 D4 AWD EXECUTIVE

Menning Svíþjóðar og samfélagsleg vitund hefur mótað gjörðir okkar frá stofnun Volvo árið 1927. Frá upphafi hefur megináhersla verið lögð á fólk sem hefur leitt af sér einstakar öryggisuppfirningar og áhrifaríkar umhverfisáherslur. Uppfinningar okkar hafa sett Volvo bíla fremsta í öryggi og leitt til lágmarksáhrifa á umhverfið. Við höfum nú sett okkur enn eitt krefjandi markmiðið. Frá árinu 2020 muni enginn slasast alvarlega eða láta lífið í nýjum Volvo. Vertu í farabroddi og veldu öryggi í fremstu röð og bíl þar sem allt hefur verið gert til að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið.

Brimborg

Bíldshöfða 6
110 Reykjavík

515 7000
volvocars.is



Brynja Baldursdóttir, framkvæmdastjóri Creditinfo Lánsstrausts, segir tölurnar sýna sáralitla þróun

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Haraldur Guðmundsson
haraldur@frettabladid.is

Valdamiklum lykilkonum fjölga ekki

Konur voru níu prósent af framkvæmdastjórum stærstu fyrirtækja landsins í fyrra samkvæmt nýjum tölum Creditinfo Lánsstrausts. Um þrettán prósent stjórnarformanna félaga af sömu stærð voru af kvenkyni. „Þetta er að gerast allt of allt of hægt.“

tölur og tölur um stjórnarmenn og framkvæmdastjóra finnst mér sýna berlega að enn er mjög langt í land með að konur komist með tærnar þar sem karlar hafa hælana þegar völd í íslensku atvinnulífi eru skoðuð,“ segir Brynja Baldursdóttir, framkvæmdastjóri Creditinfo.

„Sáralitil þróun“

Flokkurinn Stór fyrirtæki nær í tölum Creditinfo yfir 857 félög.

hlutafélög eða hlutafélög sem hafa skilað inn ársreikningi fyrir 2015 eða síðar.

Konur voru samkvæmt tölunum framkvæmdastjórar í 77 stórum fyrirtækjum af þeim 857 sem fylltu flokkinn. Þær áttu 223 framkvæmdastjórastöður í meðalstórum fyrirtækjum. Þrettán prósent hlutdeild í stjórnarformennsku í stórum fyrirtækjum skilar 111 sætum og kona var æðsti stjórnandi í 317 af 1.866 meðalstórum félögum.

„Það er tvennt sem blasir við. Annars vegar að þróunin hefur verið sáralitil og maður hefði ætlað að eftir að lög um kynjakvóta tóku gildi árið 2013 myndum við fara að sjá stiganda í þessu sem er ekki að gerast,“ segir Brynja og vísar í lög sem voru samþykkt árið 2010 um að hlutfall hvors kyns í stjórnun fyrirtækja með yfir 50 starfsmenn skyldi vera yfir 40 prósentum.

„Tilgangur laganna hlýtur að hafa verið að auka völd kvenna í þjóðfélaginu eða jafna völd kynjanna en síðan ef við skoðum til dæmis stór fyrirtæki og þá sérstaklega stjórnarformennina, sem eru eins og allir vita valdamesta hlutverkið í stjórnun, þá er hlutfallið ekki sérstaklega gott. Í stórum fyrirtækjum er þrettán prósent stjórnarformanna konur en 17 prósent hjá meðalstórum,“ segir Brynja.

13%

stjórnarformanna í stórum fyrirtækjum voru konur 2016

„Það er augljóst að á sumum sviðum er einhver þróun en hún er alltof lítil og hæg. Með þessu áframhaldi verður komið jafnræði milli kynjanna í stjórnarformannssætum árið 2113. Barnabörnin okkar munu ekki einu sinni vinna á vinnumarkaði þegar jafnrétti verður orðið að veruleika með þessu áframhaldi.“

„Þetta eru vonbrigði“

Helga Hlín Hákonardóttir, héraðsdómslögmaður og sérfræðingur í góðum stjórnarháttum hjá Stratégíu, segir tölur Creditinfo vera ákveðin vonbrigði. Út frá þeim sé ljóst að þróunin sé ekki einungis hæg heldur kalli hún á ný á umræðu um að auka enn hlut kvenna í stjórnun.

„Þetta eru vonbrigði og kallar á rýni hjá okkur öllum. Ég held að þetta segi manni það að hlutur kvenna í stjórnun aukist ekki frekar en orðið er af sjálfu sér, heldur gerist það með ákvörðunum sem hver og einn þarf að taka. Hvort sem þú →



➔ ert að tala um fjárfesti, stjórnarmann eða aðra stjórnendur – að hver og einn ákveði hvorum megin veggjar hann ætlar að vera,“ segir Helga Hlín.

„Maður heyrir vel þegar maður er í hópi fólks hvort það er „inn“ að ræða aukinn hlut kvenna og hverjir eru tilbúnir í þá umræðu og hvenær hún er ekki velkomin. Fullt af karlmonnum hafa tekið ákvörðun um að vera virkir í að efla hlut kvenna og þá finnur maður strax hverjir eru búnir að átta sig á að annars vanti ákveðna þekkingu og bakgrunn. Svo eru hinir, bæði karlar og konur, þar sem þessi umræða á ekki upp á pallborðið. Ég velti fyrir mér hvort þetta sé ekki komið á þann stað að hver og einn stjórnandi og fjárfestir þurfi að taka þessa ákvörðun um hvar hann ætlar að vera í þessari umræðu og hvar hann ætlar að láta til sín taka. Hvort hagsmunum rekstrarins, hluthafa, viðskiptavina og samfélagsins alls sé betur borgið með því að þessi ákvörðun sé tekin og verkin lätin tala. Það er auðvelt að vera meðvirkur og fljóta með og biða eftir að hinir taki af skarið.“

Spurð um leiðir til að auka hlut kvenna enn frekar bendir Helga Hlín á að opin og skipuleg ráðningarferli séu alltaf til þess fallin að vanda ákvarðanatöku að þessu leyti. Einnig vísar hún til umræðu síðustu ára um tilnefninganefndir sem er getið í íslenskum leiðbeiningum um stjórnarhætti, en þær sjá um að tilnefna fyrir aðalfund frambjóðendur með breiða þekkingu og reynslu til stjórnarsetu. Helga Hlín segir þær hafa átt erfitt uppdráttar en að þær geti falist ákveðin lausn fyrir félög í dreifðri eigu. Þær skapi jafnframt áframhaldandi umræðu og rýni í breidd í stjórnun. Aðrir hafi nefnt til sögunnar hugmyndir um kynja-

●● **Þetta eru vonbrigði og kallar á rýni hjá okkur öllum. Ég held að þetta segi manni það að hlutur kvenna í stjórnun aukist ekki frekar en orðið er af sjálfu sér.**

Helga Hlín Hákonardóttir, sérfræðingur í góðum stjórnarhættum




●● **Það er augljóst að eigendur fyrirtækja þurfa að halda vöku sinni í þessum efnunum og að sjálfsögðu nýta krafta beggja kynja í auknum mæli.**

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA



/// **Hlutfall kvenna í stjórnun fyrirtækja af öllum stærðum**



■ Stjórnarformenn ■ Stjórnir allra fyrirtækja ■ Framkvæmdastjórnir

kvóta í framkvæmdastjórnunum fyrirtækja sem henni þyki mjög framúrstefnulegar.

„Ég held að svona umræða sé til þess fallin að minna okkur á að þetta er endalaus vinna, langhlaup, og að við þurfum að halda boltanum á lofti. Það er aftur á móti jákvætt að formönnum er að fjölga litillega því þar hafa konur vægi við stefnu-mótun og ráðningar framkvæmdastjóra. En þetta er að gerast allt of, allt of hægt. Maður veltir því fyrir sér því nú hefur Ísland verið mjög hugsanlega hafi orðið einhver viðspyrna við þróuninni. Að mönnum hafi þótt nógu um hlut kvenna, en í því felst útilokun á helmingi þjóðarinnar í stjórnun sem aldrei getur talist til heilla.“

Helga segir tölur Creditinfo sérstaklega athyglisverðar í ljósi þess að á síðustu vikum hafi tvær konur verið ráðnar í mikilvæg störf. Vísar hún þar annars vegar til ráðningar Landsbankans á Lilju Björk Einars-

dóttur í starf bankastjóra og hins vegar ákvörðunar Viðskiptaráðs Íslands um að ráða Ástu Sigríði Fjeldsted sem nýjan framkvæmdastjóra ráðsins.

„Þarna fáum við tvær framúrskarandi konur í áberandi og mikilvæg stjórnunarstörf. Konur sem hafa kosið að hasla sér völl og tekist frábærlega upp á erlendum vettvangi. Þær velja þennan tímupunkt að koma heim af því að hér eru tækifæri. Svona ráðningar eru mikilvægar og eiga að vekja okkur af værum blundi um að við þurfum hvert og eitt að taka þessa ákvörðun og vera virkir þátttakendur.“

Vill breytingar

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins (SA), segir ljóst að hlutfélag kvenna sé enn allt of lítil og að þróunin síðustu ár sé ekki góð.

„Þetta eru ekki nógu uppörvandi tölur. Framsýn og vel rekin fyrirtæki

/// **Þróunin síðustu þrjú ár samkvæmt Creditinfo**

Út frá stærð fyrirtækja eftir eignum

	LÍTID	MEDAL	STÓRT
Stjórn			
2016	24%	18%	24%
2015	24%	18%	24%
2014	26%	20%	25%
Stjórnarformaður			
2016	26%	17%	13%
2015	25%	16%	12%
2014	25%	17%	13%
Framkvæmdastjóri			
2016	22%	12%	9%
2015	22%	12%	9%
2014	22%	12%	10%

eiga að vita að fjölbreyttar stjórnir eru góðar stjórnir. Mér þætti æskilegt að myndin væri önnur og jafnari. Það er augljóst að eigendur fyrirtækja þurfa að halda vöku sinni í þessum efnunum og að sjálfsögðu nýta krafta beggja kynja í auknum mæli. Annað er soun í mínum huga og betur má ef duga skal,“ segir Halldór.

Halldór segir aftur á móti að varhugavert sé að byggja spár um þróun næstu ára og áratuga á reynslu síðustu ára. Íslenskt samfélag sé að taka ýmsum breytingum sem eigi án efa eftir að auka hlut kvenna í stjórnunarstöðum.

„Þar er um margbreytilega þætti að ræða. Til dæmis mun menntunarmynstur vafalítið hafa áhrif á næstu árum. Ef þú gefur þér að stjórnandinn í dag hafi verið í háskólanum fyrir 15-20 árum þá verður þróunin á annan veg á næstu árum. Í Háskóla Íslands eru núna 34 prósent karlar og 66 prósent konur. Betra jafnvægi í þessum efnunum verður að nást,“ segir Halldór.



Ísafold er ein stærsta prentsmiðja landsins og þjónustar daglega stóran hóp viðskiptavina. Verkefni okkar eru jafn fjölbreytt og viðskiptavinir okkar eru margir. Allt frá einföldum nafnspjöldum til bæklinga sem dreift er á öll heimili landsins. Bækur, tímarit, bæklingar og umbúðir. Við komum hugmyndum þínum í framkvæmd.

Hafðu samband og við klárum þetta saman.

Tækni og reyndar hendur fara vel saman



Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

Ísafoldarprentsmiðja er umhverfissvottuð prentsmiðja af Svaninum, norraena umhverfismerkinu. Við erum aðilar að Rammasamningi Ríkiskaupa og Rammasamningi Reykjavíkurborgar. Við framleiðum dagblöð, bækur, tímarit, bæklinga, umbúðir, veggspjöld, brefséfnir, umslög, nafnspjöld, fjölpóst og margt fleira.

Fannst frábært að heimsækja Hamborg

Svipmynd

Guðríður Svana Bjarnadóttir

Guðríður Svana Bjarnadóttir var nýverið ráðin rekstrarstjóri Marorku. Hún er 38 ára gömul, lögfræðingur að mennt, með bakgrunn í fjármálum og viðskiptum, og lauk framhaldsnámi í alþjóðlegum skattarétti og viðskiptum frá New York University School of Law. Áður var hún yfirlögfræðingur hjá Advania, starfsmaður hjá slitastjórn Kaupþings, ráðgjafi hjá KPMG New York og yfirlögfræðingur hjá skatt-rannsóknarstjóra.

Hvað kom þér mest á óvart í fyrra?
„Það kom mér gríðarlega á óvart að Donald Trump skyldi vera kjörinn í embætti forseta Bandaríkjanna og að Bretar skyldu ákveða að ganga úr Evrópusambandinu. Það kom mér hins vegar ekki síður á óvart að íslenska þjóðin skyldi fá tækifæri til að sjá íslenska landsliðið spila í 8-liða úrslitum á EM í Frakklandi.“

Hvaða app notarðu mest? „Mest notaða appið í símanum mínum er líklegast Lunchbox Monkey, sem er mjög vinsælt hjá yngstu kynslóðinni. Fyrir utan hið hefðbundna app fyrir tölvupóstinn nota ég mest Skype for Business og Facebook Messenger. Það app sem ég er samt hvað ánægðust með þessa dagana er nýja Arion banka-appið.“

Hvaða land heimsóttir þú síðast og hvers vegna? „Síðasta heimsókn erlendis var til Þýskalands vegna vinnu en Marorka er með skrifstofu í Hamborg. Ég hafði ekki komið til Hamborgar áður, en þar sem ég

Það kom mér gríðarlega á óvart að Donald Trump skyldi vera kjörinn í embætti forseta Bandaríkjanna

Guðríður Svana Bjarnadóttir



Guðríður Svana er 38 ára gömul og tók nýverið við starfi rekstrarstjóra Marorku

dvaldist þar í nokkra daga hafði ég smá tíma til að skoða borgina. Mér fannst Hamborg rosalega heillandi og skemmtileg borg og ég hlakka til að fara þangað aftur.“

Hvernig heldur þú þér í formi? „Ég stunda líkamsrækt þrisvar til fjórum sinnum í viku og svo fer ég reglulega í jóga eða pilates. Þar fyrir utan á ég tvo litla drengi sem halda mér á hreyfingu og 30 kg enskan bolabít sem heimtar sinn göngutúr á hverju kvöldi (þótt ótrúlegt megi virðast).“

Ertu í þínu draumastarfi? „Ég er nýbyrjuð að vinna hjá Marorku í mjög spennandi starfi sem býður upp á bæði krefjandi og skemmtileg verkefni. Marorka framleiðir búnað í skip sem miðar að því að hámarka nýtingu orku og aðra frammistöðu skipsins, þannig stuðla vörur félagsins að verndun umhverfisins. Það er ómetanlegt að fá tækifæri til að vinna hjá fyrirtæki með slíkan tilgang.“

Sonja ráðin til Coca Cola

Sonja M. Scott hefur verið ráðin mannauðsstjóri hjá Coca-Cola European Partners Ísland ehf. (Coca-Cola á Íslandi) og hóf hún störf í byrjun árs. Samkvæmt tilkynningu fyrirtækisins hefur Sonja nýlokið Executive MBA-gráðu frá Stetson University í Bandaríkjum. Þar að auki hefur jún lokið MA í mannauðsstjórnun og BA í ensku frá Háskóla Íslands. Starfaði hún um níu ára skeið hjá Vodafone og þar af síðast sem starfsmannastjóri.

„Það eru gríðarleg tækifæri í samvinnu innan Coca-Cola European Partners samsteypunnar í öllum þáttum fyrirtækisins, ekki síst í mannauðsmálum,“ segir Sonja. - hg

Það eru gríðarleg tækifæri í samvinnu innan Coca-Cola European Partners samsteypunnar í öllum þáttum fyrirtækisins, ekki síst í mannauðsmálum.

Sonja M. Scott er nýr mannauðsstjóri




Lið Atlanta Falcons mætir New England Patriots í úrslitaleik NFL-deildarinnar á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Fjórfalt meiri tekjur vegna Ofurskálarinnar

NFL-deildin stendur á sunnudag fyrir „árshátíð auglýsenda“ eða Super Bowl 51. Fræðslustjóri VÍB segir auglýsingatekjur bandarískra fjölmiðla vegna úrslitaleiksins nema 44 milljörðum króna og slátra þarf 650 milljónum hænsna.

„Ég hef horft á Super Bowl í mörg ár og maður hefur ekki séð teljandi mun á umfangi leiksins en þetta hefur tvöfaldast að stærð frá árinu 2010,“ segir Björn Berg Gunnarsson, fræðslustjóri VÍB, um nýjan pistil sinn sem birtist á vef Íslandsbanka og fjallar um fjármálahlíð 51. Ofurskálarinnar eða Super Bowl.

„Kostnaðurinn við hverja auglýsingu, tónleikarnir í hálfleik og eyðsla almennings í kringum leikina hefur allt stækkað mikið að umfangi síðustu ár,“ segir Björn Berg.

Auglýsa fyrir 44 milljarða

New England Patriots og Atlanta Falcons mætast í úrslitaleiknum í Houston í Texas á sunnudag. Í pistli Björns er bent á að Ofurskálin er „árshátíð auglýsenda“ og að þriðjungur áhorfenda kjósi frekar að fara á klósettíð á meðan á leik stendur en í auglýsingahléi. Fjórðungur segir auglýsingarnar mikilvægari hluta viðburðarinnar en leikinn sjálfan.

„Heildartekjur bandarískra fjöl-

Herlegheitin verða sögð í boði Pepsi, sem greiðir fyrir þau um 800 milljónir.

Björn Berg Gunnarsson, fræðslustjóri VÍB



miðla vegna auglýsinga í tilefni dagsins eru áætlaðar um 44 milljarðar króna, eða um fjórum sinnum meira en allar auglýsingar á Íslandi, í öllum miðlum, á heilu ári. Þannig hefur kostnaður við 30 sekúndna auglýsingu ríflega tvöfaldast frá árinu 2010 og kostar í dag um 600 milljónir króna,“ skrifar Björn.

„Alvöru veisla“

Í pistlinum er einnig bent á þá staðreynd að tónlistarkonan Lady Gaga, sem tekur nokkur lög í hálfleik, fær

ekki greitt fyrir vinnu sína. Það þykir nóg að vera fyrir augunum á 100 milljónum áhorfenda um allan heim enda hafi NFL-deildin reynt að fá tónlistarfólk til að borga fyrir „þennan mikla heiður“. Það hafi aftur á móti ekki gengið.

„Þó Gaga fái ekki greitt kosta tónleikarnir sitt, en reiknað er með að heildarkostnaðurinn gæti farið yfir milljarð króna í ár. Herlegheitin verða sögð í boði Pepsi, sem greiðir fyrir þau um 800 milljónir,“ segir í pistlinum og þar er bent á að eyðsla áhorfenda í leikinn hafi einnig aukist mikið.

„Frá 2010 hafa útgjöld einstaklinga vegna Ofurskálarinnar tæplega tvöfaldast og ekki þarf að koma á óvart að langmestu er eytt í veitingar. Áætlað er að 650 milljónir hænsna þurfi til að skaffa þá vængi sem þarf í maga Bandaríkjamanna meðan á leiknum stendur og þeir skoli þeim niður með yfir milljarði lítra af bjór. Þeir innbyrða fleiri kaloríur en um jólin. Þetta er alvöru veisla.“ haraldur@frettabladid.is

„Hlutdeild líftæknilyfja mun aukast“

Róbert Wessman, forstjóri lyfjafyrirtækisins Alvogen, segist sjá fram á að „hlutdeild líftæknilyfja haldi áfram að aukast og með uppbyggingu Alvotech á Íslandi teljum við okkur vel í stakk búin til að vera leiðandi í því breytingaferli sem samheitalyfjageirinn fer í gegnum um þessar mundir.“

Þetta kemur fram í tilkynningu frá Alvogen í tilefni þess að árlegur fundur fyrirtækisins var haldinn á Möltu í janúar þar sem saman voru komnir 120 alþjóðlegir stjórnendur lyfjafyrirtækisins. Alvogen hóf starfsemi á Möltu 2014 en þar starfa nú um 70 manns á vegum fyrirtækisins.

Róbert segir að árið 2016 hafi verið „viðburðaríkt hjá Alvogen og náð hámarki með markaðssetningu samheitalyfjaútgáfu Tamiflu í desember. Við væntum þess að árið 2017 verði ár vaxtar og áframhaldandi breytinga á mörkuðum



Róbert Wessman, forstjóri Alvogen, á stjórnendafundi félagsins á Möltu í janúar.

fyrirtækisins. Ársfundur með okkar stjórnendum er mikilvægur liður í því að stilla saman strengi og tryggja eftirfylgni við áherslur okkar og markmið fyrir komandi ár.“

Styrfyrirtækin Alvogen og Alvotech eru með starfsemi sína á Íslandi í nýjum höfuðstöðvum í Vatnsmýrinni. Þar starfa nú um 180 vísindamenn.

IVECO BUS

SKÓLABÍLAR · ÁHAFNARRÚTUR · FERÐAMANNARÚTUR



EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX



IVECO DAILY MINIBUS

Fáanleg með 16–22 farþegasætum.

Algeng útfærsla er fyrir 19 farþega.

Frábærlega útfærð og hönnuð smárúta frá Iveco Bus. Ein öflugasta bifreiðin í flokki rúta með 6.500 kg heildarþyngd státar af sterkum undirvagni, mjúkri og sterkri fjöðrun og einstökum aksturseiginleikum. Öflug 3,0 líter dísilvél og 8 þrepa Hi-Matic sjálfskipting frá ZF. Þægindi farþega eru í fyrirrúmi og stórir gluggar auka á það, góð loftræsting og þægileg hljóðvist. Hægt er að panta rúta með fjölbreyttri sætaskipan og breiðu úrvali aukahluta. Mikið er lagt upp úr öryggi farþega og uppfylla allar smárútur frá Iveco Bus yftrustu öryggiskröfur og Evrópustaðla svo sem ECE 66*.



IVECO DAILY TOURIST COACH

Fáanleg með 20–31 farþegasæti.

Algeng útfærsla er fyrir 27 farþega.

Afburða vel útfærð smárúta sem tekur allt að 31 farþega og er á einstöku verði. Undirvagninn er Iveco Daily 70C sem leyfir heildarþyngd allt að 7,2 tonnum. Yfirbygging er úr trefjaplasi og stoðgrind úr ryðfríu stáli. Öflug 3,0 líter dísilvél og 8 þrepa Hi-Matic sjálfskipting frá ZF. Rúmgóðar farangursgeymslur, björt og rúmgóð yfirbygging og fjölbreytt úrval afþreyingarkerfa einkenna þessa bíla. Mikið er lagt upp úr nýjustu tækni og góðri aðstöðu fyrir ökumann. Daily Tourist Coach er fullbúin eftir yftrustu öryggiskröfum og uppfyllir alla Evrópustaðla svo sem ECE 66*.

*Öryggispróf og staðall þar sem áhersla er lögð á styrk yfirbyggingar við veltu.



Skotsilfur

Stokkað upp í stjórninni

Fyrirséð er að stokkað verði upp í átta manna stjórn Arion banka á aðalfundi bankans 9. mars. Kaupþing heldur á 87% hlut í bankanum en stjórnendur þess eru sagðir vilja fá nýtt blóð inn í stjórn Arion í aðdraganda fyrirhugaðs útboðs sem til stendur að halda um miðjan apríl. Skammt er síðan Bandaríkjamadurinn **John P. Madden**, framkvæmdastjóri hjá Kaupþingi, kom nýr inn í stjórn bankans. Leit að fleiri nýjum stjórnarmönnum stendur yfir – óvíst er hversu margir þeir verða – og er þar horft til þess að fá inn einstaklinga með meiri reynslu af bankarekstri og eins af því að sitja í stjórnnum skráðra fjármálafyrirtækja.



Konurnar taka yfir

Greint var frá því á dögum að **Ásta Sigriður Fjeldsted** hefði verið ráðin framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs en hún er önnur konan til að gegna því starfi í 100 ára sögu ráðsins. Ásta er einnig þriðja konan á suttum tíma sem tekur við starfi framkvæmdastjóra hjá hagsmunasamtökum í atvinnulífinu en skammt er síðan tilkynnt var um ráðningu Katrínar Júlíusdóttur hjá SFF og Heiðrúnar Lindar Marsteinsdóttur hjá SFS. Þá hefur Helga Árnadóttir verið framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í ferðaþjónustu frá 2013. Konur eru því núna í meirihluta þeirra sem stýra hagsmunasamtökum í Húsi atvinnulífsins.



Enn fjölgar hjá Fossum

Fossmarkaðir halda áfram að bæta við sig fólk en **Óttar Helgason** hóf þar nýlega störf í teymi erlendra markaða. Óttar kemur frá fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans en þar áður var hann ráðgjafi fyrir innlenda og erlenda fjárfesta, bæði á Íslandi og erlendis, og sjóðsstjóri lífeyris-sjóða á eignastýringu Landsbankans 2005-2008. Mikill vöxtur hefur verið í starfsemi Fosssa að undanförunu og hefur starfsmannafjöldinn tvöfaldað frá því að félagið var stofnað vorið 2015. Samtals starfa tólf manns í nýjum húsakynnum Fosssa við Frikirkjuveg og þá hefur félagið boðað opnun skrifstofu í London.



Afkoma H&M kom á óvart



Sænska fataverslunarkeðjan H&M kynnti uppgjör sitt fyrir fjórða ársfjórðung 2016 í gær. Afkoma fyrirtækisins var þá umfram væntingar og jókst hagnaðurinn um sjö prósent frá sama tímabili árið á undan. Forsvarsmenn H&M kynntu þá einnig að sala fyrirtækisins í janúar hefði aukist um 11 prósent en líkt og komið hefur fram stendur til að opna þrjár verslanir fyrirtækisins hér á landi síðar á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Trump og hlutabréfamarkaðir



Lars Christensen
alþjóðahagfræðingur

Nú eru liðnar tvær vikur síðan Donald Trump sór embættiseið sem 45. forseti Bandaríkjanna og sá dagur hefur ekki liðið að það sé ekki eins og maður sé að horfa á beina útsendingu á einhverjum klikkuðum raunveruleikaþætti í sjónvarpinu. Og það er mjög auðvelt að ímynda sér að það sé eitthvað verulega athugasvert við skilning Donalds Trump á heiminum, og frá sjónarhóli hagfræðinnar er margt sem veldur áhyggjum – sérstaklega verndarsinnuð og fjand-samleg orðræða Trumps í garð innflytjenda.

Hins vegar hefur „Trump-þátturinn“ ekki enn valdið einum meiri háttar viðbrögðum á fjármálamörkuðum heimsins. Reyndar hefur óstöðugleiki á fjármálamörkuðum verið í lágmarki og eftirtektarverð-

ast er að hlutabréfamarkaðurinn í Bandaríkjunum hefur komið vel út – sérstaklega frá því að Trump vann forsetakosningarnar snemma í nóvember og þangað til snemma í desember. Síðan þá hafa markaðir verið býsna flatir, en við höfum sannarlega ekki séð neitt óðagot.

Markaðir og upplýsingar

Þetta kann að virðast þversagna-kennt þegar litid er á stöðugan straum geðveikislegra Twitter-ummæla frá Trump. Þetta gæti hins vegar sýnt að gagnstætt því sem fyrirverandi utanríkisráðherra Danmerkur, Mogens Lykktøft, sagði eitt sinn þá eru fjármálamarkaðir ekki „hysteriske kællinger“ („móðursjúkar kerlingar“). Reyndar endurspeglar fjármálamarkaðir yfirleitt allar fáanlegar opinberar upplýsingar um ástand tiltekins hagkerfis, en ekki bara nýjustu gölnu athugasemdir einhverra stjórnmalámana.

Yfirleitt segjum við að þrjú þættir ákvarði hlutabréfaverð. Í fyrsta lagi ákvarðast verð hlutabréfa af væntingum um allan framtíðarhagnað fyrirtækja. Í öðru lagi ákvarðast hlutabréfaverð af því sem hagfræðingar kalla áhættulausa vexti. Það er að segja hver verið arðsemi annarra fjárfestinga en hlutabréfa – gjarnan ávöxtun ríkisskuldabréfa. Ef ávöxtun skuldabréfa hækkar hættir

●● Þetta gæti sýnt að gagnstætt því sem fyrirverandi utanríkisráðherra Danmerkur, Mogens Lykktøft, sagði eitt sinn þá eru fjármálamarkaðir ekki „móðursjúkar kerlingar“.

hlutabréfaverði til að lækka. Í þriðja lagi er það áhættuvilji fjárfesta – ef fjárfestar fara að óttast áhættuna hefur hlutabréfaverð tilhneigingu til að lækka. Aðgerðir og stefnumál Trumps geta haft áhrif á alla þessa þrjá þætti og til að skilja hvað er um að vera varðandi hlutabréf er þetta greiningin sem maður þarf að ráðast í frekar en að álykta: „Maðurinn er snarvitlaus og þess vegna verð ég að selja hlutabréfin mín“ (þótt það sé vissulega freistandi ef maður er svo vitlaus að fylgjast með Trump á Twitter).

Óttast verndarstefnu

Ef við litum á hagnaðinn ættum við í raun að líta á langtímahagvöxt í bandaríska hagkerfinu og útflutningsmarkaði Bandaríkjanna. Er stefna Trumps líkleg til að auka verga landsframleiðslu í Bandaríkjunum –

ekki bara núna heldur einnig löngu eftir að hann hættir sem forseti? Það er mjög erfitt að svara því en það er augljóst að sum stefnumál hans – sérstaklega verndarstefna hans og tillögur gegn innflytjendum – munu hafa neikvæð áhrif á bandaríska (og alþjóðlegan) hagvöxt. En þetta verður að bera saman við sum þeirra stefnumála sem gætu aukið hagvöxt – meðal annars afnám reglna og skattalækkanir. Að öllu samanlögðu óttast ég sjálfur mest verndarstefnu hans og tillögur gegn innflytjendum, en um leið efast ég um að áhrif þessara tillagna muni vara í til dæmis 10 eða 15 ár. Reyndar er alls ekki víst að þessar tillögur komi til framkvæmda (vonandi ekki!).

Ég er sannarlega enginn aðdáandi Donalds Trump og ég er ekki sérlega bjartsýnn á bandaríska hlutabréfamarkaðinn í augnablikinu. En þegar höfuð mitt er að springa af reiði vegna verndarstefnu Trumps og stöðugra árása á innflytjendur lít ég á hlutabréfamarkaðinn og það hjálpar mér að setja hlutina í samhengi. Þegar allt kemur til alls, því ætti ég að vera betur í stakk búinn að spá fyrir um aukinn hagnað bandarískra fyrirtækja næstu 20-30 árin en „víska fjöldans“ hjá fjárfestum á hlutabréfamörkuðum heimsins? Svo við skulum vona að markaðirnir hafi rétt fyrir sér!

Árangursrík vinnustaðarmenning



Nýsköpun

Herdís Pála Pálsdóttir, fyrirlesari og markþjálfari fyrir stjórnendur og félagskona í FKA.

Vinnustaðarmenning er ákveðinn kjarni á hverjum vinnustað. Hún mótast meðal annars af hugmyndum, gildum og viðhorfum starfsfólksins. Vinnustaðarmenningin birtist svo í samskiptum, verklagi, félagsmótun og fleiri þáttum. Menning

hvers vinnustaðar hefur mikil áhrif á árangur þeirra. Árangur sem birtist til dæmis í framgangi verkefna, í samskiptum við viðskiptavinum og hversu vel þeim gengur að lada og halda í hæft starfsfólk.

Ef við segjum að heilbrigð vinnustaðarmenning sé þannig að hún hjálpi vinnustöðum við að ná stefnu sinni og markmiðum, hún styðji við árangur hvers og eins starfsmanns, sem fagmanns og einstaklings, fólk langi til að ná árangri í starfi, upplifi að álit þess skipti máli og fái reglulega styðjandi endurgjöf á störf sín,

starfsfólk mæli gjarnan með vinnustaðnum við vini og vandamenn og vinnustaðurinn sé jafnvel þekktur út fyrir veggina sína fyrir góða menningu, þá myndi óheilbrigð vinnustaðarmenning væntanlega vera þannig að ekki sé samstada um að vinna eftir stefnu vinnustaðarins, starfsfólk telji ekki endilega nauðsynlegt að fylgja verkferlum eða fyrirfram ákveðnu verklagi, starfsfólk fái sjaldan og óskýra endurgjöf á störf sín, óvirding sé í samskiptum á milli starfsmanna, fáum liði vel í starfi og starfsmanna-velta gjarnan mikil.


Oft er sagt að það að breyta vinnustaðarmenningu taki mörg ár. Þess vegna gerist það of oft að stjórnendur vinnustaða stýra menningu ekki nægjanlega markvisst, því þeir telja að það taki allt of langan tíma til að hafa einhver áhrif.

Það sem stjórnendur, og reyndar starfsfólk allt, þarf að gera er að ákveða hvernig menningu það vill hafa, og ekki hafa, á sínum vinnustað.

Allir eiga að hafa skoðanir á vinnustaðnum og koma þeim á

framfæri á uppbyggjandi hátt. Tala þarf opinskátt um æskilega hegðun hvað varðar vinnulag, samskipti og fleira. Á sama tíma þarf að vera sátt á meðal stjórnenda og starfsfólks alls, að setta sig ekki við að hafa samstarfsfólk sem ekki styður við heilbrigða og árangursríka vinnustaðarmenningu.

Change the Culture – Change the Game er yfirskrift eins af erindunum á ráðstefnu Only Human, sem haldin verður á Hótel Natura þann 23. febrúar 2017 (sjá www.onlyhuman.is), ekki missa af henni!



ÆSKU- BRUNNUR

PRÓFAÐU NÝJU NIVEA
CELLULAR PERLURNAR

NÝTT



HYALÚRONSÝRA OG KOLLAGEN
STYRKJANDI PERLUR FYRIR
STINNARI, ÞÉTTARI
OG UNGLEGRI HÚÐ

Stjórnar- maðurinn



@stjornarmadur

Blönduð einkavæðing

Um áramót stóðu hreinar skuldir ríkissjóds í rúmum 750 milljörðum króna samkvæmt tölum frá fjármálaráðuneytinu. Heildarskuldastaðan var hins vegar um 1.100 milljarðar króna. Á fyrstu níu mánuðum síðasta árs námu vaxtagreiðslur ríkissjóds tæpum 200 milljörðum, en mest munaði þar um uppgreiðslu á tilteknum lánnum sem féllu á tímabilinu. Reglulegur fjármagnskostnaður er því væntanlega talsvert lægri.

Ísland er lítið skuldbætt land í sjálfu sér en hreinar skuldir ríkissjóds nema rétt riflega 30% af vergri landsframleiðslu sem telst hóflegt í alþjóðlegu samhengi. Engu að síður er áhugavert að velja því fyrir sér hvernig hagræða mætti í ríkisrekstrinum og mæta þannig æ háværi og sanngjörnum kröfum um aukin framlög til heilbrigðismála og annarra innviða sem þurfa að þola aukinn átroðning með sívaxandi ferðamannastraumi.

Í því samhengi er athyglisvert að þær sömu raddir og krefjast aukinna framlaga til heilbrigðismála og annarrar grunnþjónustu mega alls ekki heyra minnst á sölu ríkiseigna og beita gjarnan fyrir sig skammaryrðinu „einkavæðing“. Það er aftur á móti ekki hið sama að aðhyllast hreina einkavæðingu annars vegar eða skynsamlega aðkomu einkaaðila að ríkisrekstri hins vegar.

Þannig hefur norski oliurisinn Statoil verið skráður á markað að hluta um áratugaskeið. Félagið er 70% í eigu norska ríkisins og afgangurinn í eigu fjárfesta á markaði. Ekki hefur annað heyrst en að þessi blanda hafi reynst vel. Einkafjárfestarnir veita aðhald og koma með sérþekkingu að borðinu, auk þess sem almenningur á greiðan aðgang að félaginu sem fjárfestingarkosti gegnum hlutabréfamarkaðinn. Ríkið veitir svo kjölfestu.

Ríkið á margar seljanlegar eignir. Má þar nefna hluti í bönkunum, Landsvirkjun og Isavia. Einhverjar þessara eigna mætti vafalaust selja að fullu. Aðrar eignir, eins og t.d. Landsvirkjun, mætti selja að hluta eftir norsku leiðinni.

Þannig mætti kannski setta sjónarmið og finna hinn gullna meðalveg. Greiða skuldir ríkissjóds niður að allt að því fullu, og nota þann vaxtakostnað sem sparast til að styrkja grunnstöðirnar. Það telst varla mikil hægrímennska að vilja styrkja velferðarkerfið. Eða hvað?

Úr hlutabréfum í rútubransann

Guðjón Ármann Guðjónsson, sem lét nýlega af störfum sem forstöðumaður hlutabréfa hjá Stefni, stærsta sjóðastýringarfyrtæki landsins, mun taka við sem forstjóri Hópbíla, samkvæmt heimildum Markaðarins. Hópbílar er umsvifamikil fyrirtæki í rekstri hóp-bifreiða en framtaks-sjóðurinn Horn III, sem er í rekstri



Landsbréfa, keypti í árslok 2016 allt hlutafé í félagunum Hagvögnum og Hópbílum. Hagvagnar reka strætisvagna á höfuðborgarsvæðinu með langtímasamningum við Strætó bs. Annar af seljendum var Gísli J. Friðjónsson sem var jafnframt forstjóri fyrirtækisins. Velta félaganna 2015 nam um 3,2 milljörðum. - hae

28.1.2017



En fyrir eitt má hrósa Viðskiptaráði. Það er hversu hreint og ómengað það setur fram sitt markaðsvæðingar-, græðgis-trúboð. Það að leggja til einkavæðingu sjálfrar Hóladómkirkju gætu einhverjir sjálfsagt kallað kjarkað, aðrir yfiringilega firrt eða galið.

Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður Vinstri grænna.



MIÐVIKUDAGA KL. 19:25



MEISTARA
MÁNUÐUR
ÍSLANDBANKA



365.is | Sími 1817

365